

AUGLÝSING

83

13. okt.

um viðskiptasamning milli Íslands og Brazílu.

Hinn 10. maí 1956 var undirritaður í Rio de Janeiro viðskiptasamningur milli Íslands og Brazílu.

Samkvæmt samningnum munu brasilísk stjórnarvöld leyfa innflutning á verk-
uðum saltfiski frá Íslandi fyrir allt að 36.5 milljónir króna á ári, og gert er ráð
fyrir, að Íslendingar kaupi vörur frá Brazílu fyrir sömu upphæð. Stærsti liðurinn
er kaffi, fyrir allt að 27 milljónir króna, en auk þess ýmsar vörur, svo sem húðir,
limbur, maniokamjöl, sykur, jurtafeiti, kakaó, vindlar og ávextir, nýir og niður-
soðnir.

Samningurinn gildir um óákveðinn tíma frá 1. júlí 1956 og er uppsegjanlegur
með þriggja mánaða fyrirvara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 13. október 1956.

Emil Jónsson.

Henrik Sv. Björnsson.

L Ö G

84

8. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán til togarakaupa fyrir
Bæjarútgerð Reykjavíkur.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með sam-
þykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast lán allt að kr. 5 100 000 til kaupa á nýjum
diesel-togara fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur í stað togarans Jóns Baldvinssonar.
Þó má ábyrgð þessi að viðbættum lánum og ábyrgðum, sem ríkissjóður veitir af
vátryggingarfé togarans Jóns Baldvinssonar, eigi fara fram úr 85% af kostnaðar-
verði nýja togarans.

Ábyrgðin er háð því, að fullnægt sé þeim skilyrðum, sem ríkisstjórnin setur, þar
á meðal um tryggingar, lánstíma og lánskjör.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. desember 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.